

Eignastýringarsjóður ÍV - I  
Útdráttur úr útboðslýsingu

Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf.

## 1. Stutt kynning á verðbréfasjóðnum

<b>Verðbréfasjóðurinn</b>	<p>Eignastýringarsafn ÍV - I, kt. 640311-9910, var stofnaður árið 2011. Sjóðurinn er verðbréfasjóður og starfar samkvæmt lögum nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði, og lýtur eftirliti Fjármálaeftirlitsins.</p> <p>Sjóðurinn hefur eingöngu verið skráður á Íslandi.</p>
<b>Deildarskipting</b>	Sjóðurinn er ekki deildaskiptur.
<b>Rekstrarfélag</b>	Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf., kt. 491001-2080, Strandgötu 3, 600 Akureyri, fer með rekstur fjárfestinga sjóðsins í samræmi við lög nr. 128/2011.
<b>Áætlaður líftími</b>	Eignastýringarsjóður ÍV - I hefur ekki fyrirfram skilgreind mörk varðandi líftíma eigna.
<b>Vörslufyrirtæki</b>	Vörslufyrirtæki sjóðsins er Íslensk verðbréf hf., kt. 610587-1519, Strandgötu 3, 600 Akureyri. Vörslufyrirtækið hefur með höndum verkefni fyrir rekstrarfélagið tengd vörslu og eftirliti samkvæmt 20. gr. laga nr. 128/2011 samkvæmt sérstökum samningi.
<b>Útvistuð verkefni</b>	Með heimild í 18. gr. laga nr. 30/3003 hefur Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf. gert samninga við Íslensk verðbréf hf. um að félagið annist eftirfarandi verkefni fyrir hönd rekstrarfélagsins: Bókhaldsþjónusta Viðhaldi skrár yfir eigendur hlutdeildarskírteina Útgáfu og innlausn hlutdeildarskírteina Uppgjör viðskipta Þjónusta við viðskiptavini Kynningu á vörum RVÍV Nýtingu innlendra og erlendra viðskiptasambanda til hagsbóta fyrir RVÍV Áhættustýringu Gengisútreikning sjóða Regluvörslu
<b>Endurskoðendur</b>	Endurskoðendur sjóðsins eru KPMG Endurskoðun Akureyri hf., Glerárgötu 24, 600 Akureyri.
<b>Fjármálasamstæða</b>	Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf. sem rekur sjóðinn er dótturfélag Íslenskra verðbréfa hf.

## 2. Upplýsingar um fjárfestingar

<b>Markmið</b>	<p>Marmið sjóðsins er að ávaxta fjármuni með fjárfestingu í mismunandi eignaflokkum eftir því sem fjárfestingarheimildir sjóðsins leyfa. Sjóðurinn fjárfestir að meginstefnu í verðbréfasjóðum og öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu en hefur einnig heimild til beinna fjárfestinga í einstökum verðbréfum.</p>
<b>Fjárfestingastefna</b>	<p>Sjóðurinn fjárfestir í verðbréfasjóðum (UCITS) og öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu (Non-UCITS) sem fjárfesta í þeim eignaflokkum sem heimilar eru samkvæmt fjárfestingarstefnu sjóðsins. Auk þess hefur sjóðurinn heimild til beinna fjárfestinga í einstökum verðbréfum. Ekki er heimilt að fjárfesta meira en 20% af eignum sjóðsins í einstaka sjóði og ekki er heimilt að fjárfesta meira en 30% af eignum sjóðsins í Non-UCITS sjóðum. UCITS sjóðir uppfylla lágmarksskilyrði tilskipunar Evrópusambandsins. Sjóðurinn hefur fengið heimild Fjármálaeftirlitsins samkvæmt 38. gr. laganna til að binda allt að 40% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsskjölum skv. 5. mgr. 35. gr. laganna enda sé það samrýmanlegt hagsmunum eigenda eignarhlutdeildar í sjóðnum. Þegar heimildin er nýtt af verðbréfasjóðnum skal sjóðurinn dreifa slíkri fjárfestingu á að minnsta kosti sex mismunandi verðbréfaútgáfur. Má fjárfesting í einni og sömu verðbréfaútgáfunni ekki nema hærri fjárhæð en sem svarar til 30% af eignum verðbréfasjóðs við þessar kringumstæður. Sjóðnum er heimilt að festa það fé sem hann nýtir til fjárfestinga í öðrum sjóðum að hluta eða öllu leyti í sjóðum sem reknir eru af Rekstrarfélagi verðbréfasjóða ÍV hf. Fjárfestingarheimildir sjóðsins, að teknu tilliti til undirliggjandi eigna sjóða sem fjárfest er, eru eftirfarandi:</p> <p>Skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs: 30-100%</p> <p>Skuldabréf með ábyrgð sveitarfélaga: 0-10%</p> <p>Innlán fjármálafyrirtækja 0-60%</p> <p>Önnur skuldabréf 0-10%</p>
<b>Aðferðafræði</b>	<p>Stýring sjóðsins miðar að því að ávaxta fjármuni með virku vali á sjóðum og verðbréfum með tilliti til væntrar ávöxtunar og áhættu.</p>
<b>Áhætta tengd fjárfestingu í verðbréfasjóðnum</b>	<p>Með dreifingu eigna leitast sjóðurinn við að draga úr sveiflum á gengi sjóðsins vegna markaðsaðstæðna. Fjárfesting í sjóðnum felur þó ávallt í sér áhættu.</p> <p>Áhætta getur verið fólgin í markaðsáhættu, seljanleikaáhættu, áhættu vegna eignatengsla á markaði, vaxtaáhættu, greiðsluáhættu, uppgjörsáhættu, vörsluáhættu, gengisáhættu, frammistöðuáhættu og áhættu vegna ytri aðstæðna.</p> <p>Fjárfestum er bent á að nánari útskýringar er að finna á einstökum áhættuþáttum í útboðslýsingu sjóðsins.</p>
<b>Ávöxtun</b>	<p>Nafnávöxtun er reiknuð út frá breytingu á kaupgengi sjóðsins. Þar sem um nýjan sjóð er að ræða liggja ekki fyrir upplýsingar um fyrri árangur sjóðsins. Þess ber þó að geta að ávöxtun í fortíð gefur ekki vísbendingar um ávöxtun í framtíð.</p>
<b>Fjárfestar</b>	<p>Sjóðurinn er ætlaður einstaklingum og lögaðilum sem velja sér fjárfestingarkosti sem fela í sér sjóði um sameiginlega fjárfestingu með dreifðu eignasafni verðbréfa og annarra fjármálagerna í rekstri og umsjón</p>

	<p>fagaðila skv. lögum og eftirliti sem um slíkan sjóð gildir á hverjum tíma.</p> <p>Sjóðurinn hentar fjárfestum sem sækjast eftir virkri stýringu á milli mismunandi eignaflokka, eru að fjárfesta til langs tíma og eru tilbúnir að taka áhættu á sveiflum í ávöxtun.</p>
--	---

|

### 3. Fjárhagslegar upplýsingar

<b>Skattlagning</b>	<p>Hagnaður af innlausn hlutdeildarskírteina sjóðsins er skattskyldur á Íslandi og fer um skattskyldu hagnaðar samkvæmt lögum um tekju- og eignarskatt nr. 90/2003. Hlutdeildarskírteini sjóðsins mynda stofn til greiðslu eignarskatts sbr. fyrrgreind lög. Íslensk verðbréf hf., vörslufyrirtæki rekstrarfélags sjóðsins sér um að standa skil á fjármagnstekjuskatti samkvæmt 3. gr. laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, en hann reiknast þegar hlutdeildarskírteini eru seld með hagnaði eða þegar tekjur eru greiddar af hlutdeildarskírteinum.</p> <p>Frekari skattlagning kann að eiga sér stað hjá fjárfestum, t.d. varðandi aðila búsetta í öðrum löndum en á Íslandi. Fjárfestar sem eru í óvissu með skattalega meðferð eignarhlutdeildar í sjóðnum eru hvattir til að leita sér faglegrar ráðgjafar óháðs ráðgjafa á sviði skattamála.</p>
<b>Kostnaður fjárfesta í tengslum við kaup á eignarhlutdeild í sjóði</b>	<p>Söluþóknun er að hámarki 5,0% af verðmæti hreinnar eignar á hverja einingu. Söluþóknun endurspeglast í mun kaup- og sölugengis á hverjum tíma og í dag er hún 1,0%.</p> <p>Ekkert innlausnargjald er innheimt við innlausn eininga í sjóðnum.</p>
<b>Annar kostnaður</b>	<p>Söluaðili hefur heimild til að innheimta hjá kaupendum afgreiðslugjald að fjárhæð kr. 250.- fyrir hver kaup. Kaupendur geta farið fram á útgáfu hlutdeildarskírteinis og er gjald fyrir útgáfu þess kr. 5.000. Þóknun Rekstrarfélags verðbréfasjóða ÍV hf. fyrir rekstur sjóðsins skal að hámarki nema 1,0% árlega af meðaltali verðmætis hreinnar eignar sjóðsins meðan hann er starfræktur, en í dag nemur þóknunin 0,5%. Ennfremur getur rekstrarfélagið krafist endurgreiðslu útgjalda sem til falla vegna þriðja aðila og rekstrarfélaginu er heimilt að áskilja sér sanngjarna þóknun fyrir sérstaka þjónustu sem veitt er utan eðlilegra skyldustarfa og telst sjóðnum til hagsbóta. Öll gjöld og þóknunir dragast frá tekjum og síðan frá verðmætataukningu eigna og loks frá eignum sjóðsins.</p> <p>Ekki skal fjárfest í verðbréfasjóðum eða öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem bera hærri stjórnunarkostnað en 5,0 %</p>
<b>Heildarkostnaðarlutfall</b>	<p>Skv. leiðbeinandi tilmælum nr. 3/2004 ber að birta árlegt heildarkostnaðarlutfall sjóðs. Heildarkostnaðarlutfall sjóðsins mun ekki liggja fyrir fyrir en að liðnu einu reikningsári frá stofnun sjóðsins.</p>
<b>Veltuhlutfall verðbréfasafns</b>	<p>Veltuhlutfall sjóðsins mun ekki liggja fyrir fyrir en að einu reikningsári liðnu frá stofnun sjóðsins.</p>

## 4. Viðskiptaupplýsingar

<b>Kaup</b>	<p>Eignarhlutdeild í sjóðnum er einungis seld gegn staðgreiðslu kaupverðs. Sjóðurinn gefur út hlutdeildarskírteini í einingaformi sé þess óskað, en annars er gefin út skilríki fyrir eignarhlutdeild. Lágmarksfjárfesting hluta er kr. 3.000 að söliverði.</p> <p>Við kaup á hlutum í verðbréfasjóði er gefin út bráðabirgðakvittun sem einungis tilgreinir þá fjárhæð sem keypt er fyrir, enda er kaupgengi ekki þekkt fyrir en tveimur dögum eftir að kaupin áttu sér stað.</p>
<b>Innlausn</b>	<p>Við innlausn á hlutum í verðbréfasjóði er gefin út bráðabirgðakvittun sem tilgreinir fjölda innleystra hluta í verðbréfasjóði. Söluandvirði og gengi ásamt uppgjörstíma (T+2) er tilgreint á uppgjörskvittun sem send er eiganda.</p>
<b>Arðgreiðslur</b>	<p>Ekki verður greiddur út arður af hlutdeildarskírteinum félagsins. Arði og öðrum hagnaði af verðbréfaeign sjóðsins skal bætt við höfuðstól sjóðsins.</p>
<b>Gengi</b>	<p>Kaup- og sölugengi hlutdeildarskírteina sjóðsins skal reiknað út a.m.k. einu sinni á hverjum opnunardegi. Kaup- og sölugengi verður birt daglega á vefsvæði Rekstrarfélags verðbréfasjóða ÍV hf., <a href="http://www.rviv.is">www.rviv.is</a>.</p>
<b>Hvar er hægt að kaupa eignarhluti í sjóðnum?</b>	<p>Hægt er að kaupa og selja eignarhluti í sjóðnum hjá Íslenskum verðbréfum hf.</p>

## 5. Viðbótarupplýsingar

<b>Frekari upplýsingar</b>	Útboðslýsing sjóðsins, ársreikningur og hálfársuppgjör sjóðsins er aðgengilegt hjá Rekstrarfélagi verðbréfasjóða ÍV, <a href="http://www.rviv.is">www.rviv.is</a> .
<b>Lögbært yfirvald</b>	Sjóðurinn lýtur eftirliti Fjármálaeftirlitsins, Höfðatúni 2, 105 Reykjavík.
<b>Tengiliður</b>	Nánari upplýsingar um verðbréfa- og fjárfestingarsjóði Rekstrarfélags verðbréfasjóða ÍV hf., gefur framkvæmdastjóri rekstrarfélagsins.
<b>Útgáfudagur og útgáfunúmer</b>	Útdráttur þessi byggir á útboðslýsingu sem gefin er út og gildir frá 16. desember 2011.